

# Ytra mat leikskóla Örk Hvolsvelli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir  
© Námsmatsstofnun, 2013.

ISBN 978-9935-433-24-4

## Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum . . . . .	5
Inngangur . . . . .	7
Markmið og tilgangur . . . . .	7
Gagnaöflun . . . . .	7
Leikskólinn Örk . . . . .	8
Leikskólinn og umhverfi hans . . . . .	8
Starfsmenn . . . . .	8
Húsnæði . . . . .	8
Útileiksvæði . . . . .	9
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008 . . . . .	9
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans . . . . .	9
Hugmyndafræði, stefna og helstu áhersluþættir leikskólans . . . . .	9
Skólanámskrá . . . . .	10
Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá . . . . .	10
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár . . . . .	11
Stjórnun og starfsmannamál . . . . .	11
Stjórnskipulag og skipurit . . . . .	12
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál . . . . .	12
Uppeldi, menntun og umönnun. . . . .	12
Leikföng og efniviður . . . . .	13
Líðan barna . . . . .	13
Lýðræði og mannréttindi . . . . .	13
Samskipti og hegðun. . . . .	14
Skólaþróun . . . . .	14
Skólabragur og samskipti . . . . .	15
Starfsandi . . . . .	15
Jafnrétti . . . . .	15
Mat á námi og velferð barna . . . . .	16
Foreldrasamstarf og ytri tengsl . . . . .	17
Foreldraráð og foreldrafélag . . . . .	17
Samstarf leikskóla og grunnskóla . . . . .	17
Annað samstarf . . . . .	18
Innra mat . . . . .	18
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla. . . . .	19
Samantekt . . . . .	20
Tækifæri til umbóta . . . . .	21
Lokaorð . . . . .	22
Heimildir. . . . .	23



## Samantekt á niðurstöðum

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Örk á Hvolsvelli sem framkvæmt var á haustönn 2013. Þættirnir sem lagt var mat á eru: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla.

### Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Örk tók til starfa 29. mars 1994. Leikskólinn var upphaflega tveggja deilda en 8. september 2003 var nýtt hús tekið í notkun með tveimur deildum fyrir yngstu börnin. Í leikskólanum hefur starfið verið þróað samkvæmt hugmyndafræði hugsmíðahyggju og er starfsfólk almennt meðvitað um hvernig vinna skal samkvæmt henni. Gott samstarf er milli leikskólans og Hvolsskóla. Leikurinn er námsleið barna í leikskólanum og er honum gefinn góður tími í dagskipulaginu. Húsnæði leikskólans er rúmgott og útileiksvæðið stórt og vel skipulagt. Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum en þar skortir fagmenntaða leikskólakennara til starfa. Mikilvægt er að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum í leikskólanum, þar sem hann stenst ekki kröfum laga nr. 87/2008. Í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008 var stofnað foreldraráð í leikskólanum. Starfsmenn völdu í sameiningu einkunnarorð leikskólans, **Leikur einn**, en svo virðist sem ekki hafi allir starfsmenn og foreldrar tileinkað sér þau og því þarf að vinna að því að festa þau í sessi.

### Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans samræmist ekki kröfum aðalnámskrá frá 2011 en unnið er að endurskoðun hennar og koma allir starfsmenn að þeirri vinnu. Gott samræmi er milli leikskólastarfsins og skólanámskrár og einnig má finna í starfinu áherslur frá nýrri aðalnámskrá. Í samskiptum starfsmanna við börnin má ljóslega greina áherslur hugsmíðahyggjunnar. Leikskólinn þarf að ljúka við endurskoðun skólanámskrár fyrir 2015 og leita leiða til að efla aðkomu barna og foreldra að gerð skólanámskrárinnar.

### Stjórnun og starfsfólk

Reglur um ákvarðanatöku eru skýrar en ákvarðanir eru í höndum leikskólastjóra og stjórnunarteymis. Að mati starfsmanna er þessi ákvarðanatöku skilvirk. Skipurit er til í leikskólanum sem þarf að birta myndrænt og gera formlegar starfslýsingar sem skilgreina hlutverk og ábyrgð hvers og eins. Í tengslum við skipuritið ætti leikskólinn að gera verkferla um ákvarðanatöku skýra og skriflega. Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist betur með starfsemi á deildum.

### Uppeldi, menntun og umönnun

Eins og gert er ráð fyrir í aðalnámskrá leikskóla leggur leikskólinn Örk áherslu á leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins og að börnin hafi áhrif á verkefnaval í þemastarfi. Starfsaðferðir í leikskólanum eru samræmdar og öllum kunnar. Leikskólinn er vel búinn leikföngum og efnivið. Börnin taka þátt í að búa til reglur fyrir leikskólann og á hverjum degi hafa þau ákveðin hlutverk, s.s. borðstjórar og veðurfræðingar. Leikskólinn og grunnskólinn hafa skriflegan feril um samstarf skólastiga. Börnin hafa lítið komið að skipulagi starfsins og þarf að bæta úr því og gott væri að fjölga verkefnum barnanna, t.d. taka aftur upp hlutverk valstjóra. Leita þarf leiða til að auka þátttöku barna í skipulagi starfsins. Nokkur áhugi er meðal starfsmanna á að vinna þróunarverkefni innan leikskólans og væri æskilegt að styðja við þann áhuga.

### Skólabragur og samskipti

Almennt er góður starfsandi á deildum og innan starfsmannahópsins en sú venja leikskólastjórans að taka sér nokkurra mánaða sumarleyfi veldur óánægju meðal starfsmanna. Gott skipulag er á fundum innan leikskólans. Leikskólastjóri þarf að vera meðvitaðri um að veita starfsfólki hrós og endurgjöf fyrir gott starf. Æskilegt er að sveitarfélagið, eða annar utanaðkomandi aðili, geri reglulega viðhorfskönnun meðal starfsfólks leikskólans.

### Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanum er fylgst með námi og velferð barna. Gerðar eru ferilmöppur fyrir öll börn, þar sem safnað er saman upplýsingum um barnið frá því það byrjar í leikskólanum og þar til leikskólagöngu þess líkur. Framfarir barna eru metnar út frá þar til gerðum matslista og TRAS er notað til að meta málþroska. Leikskólinn hefur ekki mótað vinnuferla í kringum mat á námi og velferð barna og er æskilegt að slíkt verði gert.

### Innra mat

Eins og gert er ráð fyrir í aðalnámskrá leikskóla er leikskólastarfið metið árlega út frá áherslum í starfinu, markmiðum og leiðum. Metið er hvaða árangur hefur náðst, hvaða úrbætur þarf að gera, settir mælikvarðar um úrbætur og hverjir eru ábyrgðaraðilar fyrir framkvæmd. Allir starfsmenn koma að matinu og að fenginni niðurstöðu er gerð umbótaáætlun. Umbætur geta átt við einstaka deildir eða allan leikskólann. Foreldrar og börn hafa ekki komið að þessu mati og þarf að skoða hvernig hægt er að efla þátttöku þeirra.

### Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Samstarf við foreldra fer fram formlega með árlegum foreldraviðtölum þar sem meðal annars er farið yfir ferilmöppu barnsins til að fylgjast með framförum. Foreldrar fá vikulega tölvupóst sem fjalla bæði um það sem liðið er og hvað er framundan. Heimasíða leikskólans er vel virk að mati foreldra, og foreldrar og starfsfólk eru með sameiginlega fésbókarsíðu (e. facebook). Almenn ánægja með samstarf kemur fram hjá foreldrum í viðhorfskönnun og staðfestist hjá foreldrum í rýnihópi. Fram kemur að foreldrar segjast hafa lítil dagleg samskipti við leikskólastjóra. Foreldraráð starfar við skólann og fundar reglulega með leikskólastjóra. Einnig er foreldrafélag starfandi. Nýlega var samstarf grunn- og leikskóla skipulagt með markvissum hætti af leik- og grunnskólakennurum. Nær sú áætlun bæði til tíðni og innihalds samstarfsverkefna. Leikskólinn hefur ýmis fleiri ytri tengsl, farið er í skipulagða hreyfitíma í íþróttahús, hlustað á upplestur á bókasafni og eldri borgarar á dvalarheimilinu á Hvolsvelli eru heimsóttir.

### Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Ferli við eftirlit, greiningar og framkvæmd sérkennslu er í allgóðum farvegi í leikskólanum og fyrirhugað er að móta sérkennslustefnu fyrir leikskólann. Núverandi sérkennslustjóri er ekki með sérkennsluréttindi og þarf að leita leiða til að bæta úr því. Leikskólinn hefur ekki sett sér fjölmenningsstefnu og er mikilvægt að bæta úr því.

## Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Örk á Hvolsvelli. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 19.-21. nóvember 2013. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur.

Í leikskólanum voru eftirfarandi þættir metnir: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsmannamál, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrastarf, ytri tengsl og sérkennsla og sérfræðiþjónusta.

## Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.<sup>1</sup>

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Leiðbeiningarnar eru byggðar á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig hafðir til hliðsjónar við matið.

## Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.<sup>2</sup> Kynning á forsendum og framkvæmd matsins var send leikskólastjóra 8. nóvember sl. á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við matsmenn.

Matsmenn mættu í leikskólann 19. nóvember og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með starfsmönnum, deildarstjórum, sem eru einu leikskólakennaramenntuðu starfsmenn deildanna, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá voru tekin einstaklingsvíðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og formann fræðslunefndar. Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga 19.-21. nóvember 2013. Allar fjórar deildir leikskólans voru heimsóttar og fylgst með mismunandi stundum í fjölbreyttum verkefnum, svo sem frjálsum leik, samverustundum, skipulögðum verkefnum, útiveru, heimsókn í íþróttahús og á bókasafn. Hvor matsmaður dvaldi samtals í um átta klukkustundir í leikskólanum

<sup>1</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.

<sup>2</sup> Starfsáætlun, ársskýrsla, foreldrakönnun, ýmsar áætlanir og eyðublöð, skóladagatal og dagskipulag.

á meðan á vettvangsathugunum stóð. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram. Að lokinni leikskólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

## Leikskólinn Örk

### Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Örk við Hvolsvæg 35 á Hvolsvelli var vígður 29. mars 1994. Leikskólinn var upphaflega tveggja deilda en 8. september 2003 var nýtt hús tekið í notkun við Stóragerði 1a með tveimur deildum fyrir yngstu börnin. Húsnæði leikskólans er samtals 786 m<sup>2</sup>.

Í skólanum dvelja alls 91 barn á aldrinum frá eins árs til sex ára, 45 stúlkur og 46 drengir. Börnunum er skipt á fjórar deildar eftir aldri. Þær heita Óskaland, Draumaland, Ævintýraland og Tónaland.<sup>3</sup> Fjöldi barna í hóp á yngri deildum leikskólans er 16 börn, fædd 2011 til 2013, og 21 barn fætt 2010 til 2011 og meðal hópastærð á yngri deilum er 18,5 börn. Á eldri deildunum eru 27 börn á hvorri deild, fædd 2008 til 2010. Fimm börn fá skilgreinda sérkennslu og tíu börn eru með greiningu frá talmeinafræðingi. 20 börn eiga annað móðurmál en íslensku.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 – 17:15 alla virka daga.<sup>4</sup>

### Starfsmenn

Við leikskólann starfa 29 starfsmenn í 23,67 stöðugildum. Deildarstjórar deildanna fjögurra eru einu starfsmenn deilda með leikskólakennaramenntun og hlutfall leikskólakennara af starfsmönnum á deildum er 7,9%. Annað starfsfólks á deildum eru leiðbeinendur, alls 15, þar af einn aðstoðarleikskólakennari, Tveir með aðra háskólamenntun. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru í 100% starfi og leikskólasérkennari í 50% starfshlutfalli. Utan deilda starfa matreiðslumeistari, aðstoðarmenn í eldhúsi og starfsmenn í ræstingu. Í leikskólanum starfa tveir karlmenn; matreiðslumeistari og leiðbeinandi á deild.

### Starfsmannavelta

Engin starfsmannavelta hefur verið í hópi stjórnenda og deildarstjóra síðastliðið ár en samtals hættu þrjú starfsmenn á árinu. Einn nýr starfsmaður hefur verið ráðinn og áætlað er að ráða einn til viðbótar.

### Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.<sup>5</sup> Leikskólinn er í tveimur húsum en bæði húsin liggja að leiksvæði leikskólans. Yngri deildirnar tvær eru í nýrra húsinu sem stendur við Stóragerði en eldri deildirnar eru í eldra húsinu við Hvolsvæg. Á yngri deildum hefur hvor deild til umráða tvær stofur, snyrtingu, sameiginlegt rými í sal, listaskála og eitt aukaherbergi fyrir hvíld yngstu barnanna. Á eldri deildum hefur hvor deild til umráða þrjár stofur, snyrtingu og listaskála. Í risi hússins er stórt, opið leiksvæði sem nýtt er af báðum

<sup>3</sup> Skólanámskrá leikskólans.

<sup>4</sup> Heimasíða leikskólans.

<sup>5</sup> Lög um leikskóla nr. 90/2008.



eldri deildum. Nýlega er búið að bæta hljóðvist í leikskólanum. Aðstaða fyrir starfsmenn skiptist í skrifstofu leikskólastjóra, fundarherbergi, sem jafnframt er nýtt sem aðstaða aðstoðarleikskólastjóra, sérkennsluherbergi, kaffistofu og aðstöðu fyrir undirbúningsvinnu kennara, sem einnig er nýtt sem fundarherbergi. Í samtali við formann fræðslunefndar kom fram að það sem talið er mætti bæta við leikskólann sé fyrst og fremst að leikskólinn verði allur í einni byggingu í framtíðinni. Samkvæmt viðtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ánægðir með húsnæðið eftir að hljóðvist var löguð.

## Útileiksvæði

Útileiksvæði í Örk er rúmgott, vel búið leiktækjum og býður upp á fjölbreytta leiki og vinnu. Yngsta deildin hefur afgirt svæði innan aðalleiksvæðisins. Í undirbúningi er að stækka garðinn með „náttúrulegu“ leiksvæði við enda leikskólans. Starfsfólk kom að hönnun leiksvæðisins og var „náttúrulegt“ leiksvæði eitt af því sem það lagði áherslu á.

## Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Foreldraráð var stofnað í leikskólanum.

## Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Öll yfirvinna starfsmanna var tekin af árið 2008. Dregið var úr innkaupum og er það farið að bitna á kennslugögnum leikskólans. Að sögn leikskólastjóra eru mörg kennslugögn orðin gömul og þarfnast endurnýjunar.

## Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Ekki er til skólastefna fyrir Rangárþing eystra en 27. nóvember 2013 var haldið skólaþing þar sem umræða fór fram um skólastefnu fyrir sveitarfélagið. Áframhaldandi vinna að gerð skólastefnu fyrir sveitarfélagið er í gangi undir stjórn Capacent.<sup>6</sup> Í samtali við formann fræðslunefndar kom fram að gott samstarf er við stjórnendur leikskólans og fræðslunefnd er stolt af skólanum og starfi hans.

## Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Einkunnarorð leikskólans eru **Leikur einn** og er lögð áhersla á leikinn sem aðal námsleið barnanna. Leikskólinn starfar í anda hugsmiðahyggjunnar sem er samsafn kenninga um nám. Hugmyndafræðin felur í sér að skólastarf á ekki eingöngu að snúast um að mata barnið á upplýsingum og staðreyndum, heldur á að skapa aðstæður sem stuðla að því að barnið geti tileinkað sér þekkingu og skilning. Stjórnendur og starfsmenn leikskólans segjast vinna samkvæmt þessari hugmyndafræði. Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun og skilning. Í leikskólanum er unnið með könnunaraðferðina (e. project approach) á eldri deildum. Áhersla er lögð á að börnin læri að leita lausna og að taka ígrundaðar ákvarðanir.<sup>7</sup>

Í skólanámskrá er getið um helstu markmið leikskólans, en þau eru: að veita börnunum hlýju, umhyggju, öryggi og aga, efla sjálfstæði, samkennd og lífsleikni, efla alhliða þroska barnanna, stuðla að góðri samvinnu við foreldra og viðhalda starfsleði í leikskólanum.<sup>8</sup>

Fulltrúar í rýnihópi starfsmanna og í rýnihópi foreldra sögðust þekkja hugmyndafræði leikskólans en töldu einkunnarorð leikskólans vera *virðing, vinátta, gleði*.

Í ársskýrslu leikskólans 2012-2013 kemur fram í innra mati að hugsmiðahyggjuna þurfi að kynna betur

<sup>6</sup> Heimasíða Rangárþings eystra, [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

<sup>7</sup> Skólanámskrá leikskólans og viðtal við leikskólastjóra.

<sup>8</sup> Skólanámskrá leikskólans.

fyrir starfsfólki og er lagt til að gera hana sýnilega með því að setja tilvitnanir úr hugmyndafræðinni á vegg deilda og ganga leikskólans.<sup>9</sup> Í vettvangsathugun mátti sjá slíkar tilvitnanir víða á veggjum leikskólans.

Á síðasta ári var unnið verkefni um tengsl milli leikskólans og grunnskólans á Hvolsvelli, Hvolsskóla, sem kallast **Samstarf skólastiga**. Mikil ánægja er með þá vinnu innan leikskólans og grunnskólans og eins lýstu foreldrar og fulltrúi fræðsluráðs ánægju með verkefnið.

#### Styrkleikar

- Leikskólinn starfar samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem sem foreldrar og starfsmenn segjast þekkja.
- Á síðastliðnum vetri unnu kennarar frá leikskóla og grunnskóla að þróunarverkefni um samstarf leik- og grunnskóla.
- Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barnanna og fær hann gott rými í dagskipulagi.
- Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum.
- Húsnæði er rúmgott og vel nýtt og gott útileiksvæði.
- Foreldraráð var stofnað í kjölfar setningar nýrra laga um leikskóla nr. 90/2008.

#### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði í lögum nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Stefna ætti að því að finna leiðir til að fjölga leikskólakennurum við skólann.<sup>10</sup>
- Festa þarf einkunnarorð leikskólans, Leikur einn, í sessi svo þau verði starfsfólki og foreldrum töm.

## Skólanámskrá

Námskrá leikskólans samræmist lögum um leikskóla nr.90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 1999. Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Að sögn leikskólastjóra er sú vinna langt á veg komin.<sup>11</sup> Í vettvangsheimsókn sáu matsmenn veggspjöld á veggjum leikskólans sem sýna hvernig verið er að vinna að gerð nýrrar skólanámskrár.

### Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá

Áherslur í námskrá koma flestar fram í starfi leikskólans. Námskrá leikskólans er frá 2008 og þess vegna hefur leikskólinn ekki tekið inn áherslur nýrrar aðalnámskrár um grunnþætti menntunar eða námssvið leikskóla. Þrátt fyrir það má sjá áherslur í leikskólastarfinu sem samræmast nýrri aðalnámskrá. Má þar nefna að vinna með læsi er langt á veg komin, dæmi um það er sýnilegt ritmál víða í skólanum, einnig eru tölustafir sýnilegir, og unnið er með umhverfislæsi. Deildarstjórar í rýnihópi nefndu að í leikskólanum væri unnið vel með heilbrigði og velferð og byggðist það á fyrri reynslu þegar leikskólinn

<sup>9</sup> Ársskýrsla Arkar 2012-2013.

<sup>10</sup> Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

<sup>11</sup> Námskrá leikskólans og viðtal við leikskólastjóra.

var með fagstjóra í hreyfingu.<sup>12</sup> Í vettvangsathugunum kom fram að í samskiptum við börnin leggja starfsmenn áherslu á að hlusta á þau, ræða við þau og virða þeirra sjónarmið en það samræmist þeirri hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar starfinu. Leiknum er gefinn góður samfelldur tími, í boði eru fjölbreytt verkefni og starfsmenn eru virkir í að taka þátt í leik barnanna þegar þess er þörf. Í vettvangsathugun sáu matsmenn ekki þemavinnu en á veggjum eldri deilda mátti sjá feril og afrakstur þemaverkefnis sem unnið var með könnunaraðferðinni þar sem börnin skoðuðu umhverfi sitt frá heimili að samfélaginu Hvolsvelli. Einnig mátti sjá veggspjald þar sem verið var að hefja nýtt þemaverkefni. Í vettvangsathugun á yngri deildum kom fram að mikið er unnið með umhyggju og einstaklingsnálgun en jafnframt er lögð áhersla á að efla börnin í sjálfshjálp og sjálfstæði. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að unnið hefur verið með hugmyndafræði hugsmíðahyggju í tvö til þrjú ár og áhersla er lögð á að vinna í anda hennar.<sup>13</sup>

### Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Sem fyrr segir er unnið að endurskoðun skólanámskrár. Allir starfsmenn leikskólans koma að endurskoðuninni. Vinnan fer fram í minni hópum og stýrir fagmaður hverjum hópi. Fram kom í rýnihópaviðtali við starfsmenn og við deildarstjóra að mikill áhugi er á þessu verkefni. Í skoðun er hjá stjórnendum leikskólans hvernig eldri börnin geta komið að þessari vinnu og sömuleiðis hver hlutur foreldra á að vera.

#### Styrkleikar

- Unnið er að endurskoðun skólanámskrár og koma allir starfsmenn að þeirri vinnu.
- Gott samræmi er á milli leikskólastarfsins og skólanámskrár.
- Áherslur hugsmíðahyggjunnar koma skýrt fram í starfinu með börnum á deildum.

#### Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf við endurskoðun skólanámskrár fyrir árið 2015.
- Huga þarf að aðkomu barna og foreldra við endurskoðun skólanámskrár.

## Stjórnun og starfsmannamál

Rekstraraðili leikskólans er Rangárþing eystra og starfar leikskólinn samkvæmt verklagsreglum sveitarfélagsins. Fræðslunefnd grunnskóla hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi leikskólans. Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum og eru skólastjórnendur leik- og grunnskóla áheyrnarfulltrúarm auk fulltrúa starfsmanna frá báðum skólastigum.<sup>14</sup> Að sögn fræðslunefndarformanns eru erindi sem berast vegna leikskólans helst tengd gjaldtölu. Leikskólastjóri hefur starfað við leikskólann frá því í júní 2007. Hann leggur áherslu á að láta sem flesta koma að ákvarðanatöku. Stjórnunarteymið, sem samanstendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórum, kemur þó mest að stjórnun leikskólans og allar ákvarðanir eru teknar sameiginlega innan þess. Reynt er að leggja áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð við ákvarðanatökur en leikskólastjóri hefur síðasta orðið. Ekki eru til skráðar reglur um ákvarðanatökur og ekki er til skriflegt samkomulag um verkaskiptingu milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Verkferlar varðandi ábyrgð deildarstjóra eru ekki skriflegir. Fundarplan vegna funda innanhúss er sett upp árlega, deildarstjórafundir með stjórnendum eru vikulega og deildarfundir mánaðarlega.

<sup>12</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>13</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>14</sup> Heimasíða Rangárþings eystra, [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

## Stjórnskipulag og skipurit

Ekki er til formlegt skipurit fyrir leikskólann sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í leikskólanum. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að leikskólastjóri væri ekki mjög sýnilegur í daglegu starfi leikskólans og kæmi of sjaldan inn á deildir. Starfsmenn í rýnihópi sögðust vera ágætlega upplýstir um boðleiðir og hvert eigi að leita með einstök mál sem upp koma. Í rýnihópum foreldra og rýnihópi starfsmanna kom fram almenn ánægja með stjórnun leikskólans. Ákvarðanatoka innan leikskólans er skilvirk, að mati starfsmanna. Starfsmenn í rýnihópi sögðu að oftast væri hlustað á raddir þeirra varðandi breytingar og þeir telja sig þekkja alla verkferla innan skólans.<sup>15</sup> Í rýnihópi elstu barna kom fram að þau vita hvað leikskólastjórinn heitir og að hlutverk hans er að stjórna leikskólanum.

## Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur árlega út starfsáætlun, eins og lögbundið er. Hana er að finna á heimasíðu leikskólans. Þar kemur fram fjöldi barna og starfsmanna, skóladagatal, upplýsingar um aðferðir við innra mat og umbótaáætlun, áætlun yfir fundi innan leikskólans og símenntunaráætlun fyrir starfsmenn. Leikskólastjóri hefur einnig skilað inn ársskýrslu til sveitarfélagsins. Leikskólinn hefur ekki sett sér starfsmannastefnu en að sögn leikskólastjóra er hún í vinnslu. Allir starfsmenn fara í starfsmannasamtal einu sinni á ári. Leikskólastjóri tekur starfsmannasamtal við alla starfsmenn og auk þess taka deildarstjórar samtalið við starfsmenn á deildum. Deildarstjórafundir eru vikulega og deildarfundir mánaðarlega fyrir hverja deild.

Viðbragðsáætlun og eineltisáætlun, sem nær bæði yfir einelti í barnahópnum og starfsmannahópnum, eru á heimasíðu leikskólans.<sup>16</sup>

### Styrkleikar

- Símenntunaráætlun liggur fyrir.
- Eineltisáætlun liggur fyrir sem nær bæði til eineltis í barnahópnum og starfsmannahópnum.
- Ákvarðanatoka er í höndum leikskólastjóra og stjórnunarteymis.
- Ákvarðanatoka er skilvirk að mati starfsmanna.

### Tækifæri til umbóta

- Gera þarf skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í leikskólanum.
- Gera þarf formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsfólk um hlutverk og ábyrgð hvers og eins.
- Í tengslum við skipuritið ætti leikskólinn að gera verkferla um ákvarðanatöku skýra og skriflega.
- Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist betur með starfinu inni á deildum.

## Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: „Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn“.<sup>17</sup>

<sup>15</sup> Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

<sup>16</sup> Heimasíða leikskólans.

<sup>17</sup> Aðalnámskrá leikskóla 2011.

Dagskipulag leikskóla er grundvöllur þess hvernig stefnu og markmiðum er náð fram í leikskólastarfinu og einkennist það af föstum athöfnum sem taka mið af þörfum barna, þroska þeirra og aldri. Samkvæmt dagskipulagi, sem finna má á heimasíðu leikskólans, byggist starfið á frjálsum leik inni og úti, hópastarfi, þemavinnu, hreyfingu, samverustundum, matmálistímum og hvíld.<sup>18</sup> Eins og áður segir er lögð áhersla á leikinn sem aðalnámsleið barnanna. Í vettvangsathugunum mátti sjá að á eldri deildum er valið notað til að skipta börnunum á leiksvæði og hafa þau möguleika á að skipta um svæði ef þau óska eftir því og rými er fyrir þau á því svæði. Aðferðin sem notuð er í valinu byggist á því að starfsmenn setja upp á töflu þau tilboð sem eru í gangi og síðan koma börnin og festa spjald með nafninu sínu við það tilboð sem þau velja. Börnin sjá hversu margir geta verið á hverjum stað og virða það.

Á yngri deildum fá börnin ákveðið leikefni undir stjórn starfsmanna. Þar er meðal annars unnið með könnunarleikinn. Í honum er unnið með verðlaust efni sem hefur þann tilgang að veita börnum tækifæri til að skoða og rannsaka án afskipta fullorðinna. Einkennandi í starfi leikskólans er gott samræmi í samskiptum við börnin hjá öllum starfsmönnum. Í vettvangsathugunum sást að lögð er áhersla á samfellu í uppeldi barnanna frá eins árs til sex ára aldurs.

## Leikföng og efniviður

Leikskólinn er vel búinn leikföngum og efnivið en samkvæmt leikskólastjóra er orðin þörf á að endurnýja og gera við leikföng.<sup>19</sup> Efniviður og leikföng eru blanda af því sem kallað er opinn efniviður (kubbar og endurnýtanlegt efni) og tilbúnum leikföngum (bílum, dúkkum, dýrum, spilum, o.fl.). Leikskólinn er vel búinn tækjum til hreyfileikja í báðum húsum. Hugsað er fyrir því að hafa ekki of mikið af leikföngum í gangi í einu á leiksvæðunum. Leikskólinn hefur yfir að ráða góðu geymslurými fyrir leikföng og efnivið.

## Líðan barna

Að sögn deildarstjóra er lögð áhersla á að leiða frekar en stýra börnunum, að vera glaður og kurteis og sýna öllum virðingu. Deildarstjórar leggja áherslu á mikilvægi jákvæðs aga og að andrúmsloft leiksins sé ráðandi. Deildarstjórar bentu einnig á að umhyggja sé mikilvæg fyrir börn á öllum aldri.<sup>20</sup> Fylgst er með einelti meðal barna og til er sérstakt eyðublað til að fylla út ef grunur vaknar um einelti í barnahópnum.

Í samtali við börn í rýnihópi kom fram að þeim finnst skemmtilegt í leikskólanum. Börnin nefndu nokkur dæmi um það sem þeim finnst skemmtilegt, s.s. hópastarf, vera í hringekju, leika með búninga og að skemmtilegast væri að leika. Foreldrar í rýnihópi nefndu sem sterka hlið leikskólastarfsins að vel væri unnið með félagslega þáttinn, ef eitthvað kæmi upp á væri það tekið fyrir strax og börnunum leiðbeint um hvernig best er að haga sér.<sup>21</sup> Upplifun matsmanna var að börnin í leikskólanum Örk væru glöð og sjálfbjarga börn sem eiga í góðum samskiptum sín á milli í leik og starfi.

## Lýðræði og mannréttindi

Að sögn leikskólastjóra, deildarstjóra og starfsmanna hafa börnin lítið komið að skipulagi leikskólastarfsins. Stjórnendur sögðu að gerð hefði verið tilraun með sjálfvaldar stundir en þær hefðu ekki komið vel út. Að sögn leikskólastjóra hafa börnin komið að því að setja reglur og börnin í rýnihópi staðfestu það og töldu upp nokkrar reglur sem þau hefðu tekið þátt í að búa til: ekki bíta, ekki hrekka, ekki stríða, ekki slá, ekki kýla, ekki ýta, ekki ulla og ekki frussa. Börn tóku einnig þátt í að gera matseðil, að sögn leikskólastjóra, en börnin í rýnihópnum töldu sig ekki fá að ráða neinu um það hvað væri í matinn en létu í ljós vilja til að fá að ráða því.

<sup>18</sup> Heimasíða leikskólans – dagskipulag deilda.

<sup>19</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>20</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>21</sup> Rýnihópaviðtal við foreldra.

Þegar börnin útskrifast úr leikskólanum fara þau í útskriftarferð og fá þau sjálf að velja hvert er farið. Annað sem leikskólastjóri nefndi varðandi áhrif barnanna á starfið í leikskólanum er könnunaraðferðin sem veitir börnunum tækifæri til að hafa áhrif á hvað þau vinna með í þemastarfi.<sup>22</sup> Starfsmenn í rýnihópi töldu að börnin gætu haft ýmiskonar áhrif og nefndu sem dæmi að yngstu börnin fá að velja hvort þau vilja hafragraut eða morgunkorn í morgunmat og að börnin geti valið hvað þau leika með. Einnig nefndu starfsmenn að áður hefðu börnin skipst á að vera valstjórar en hlutverk þeirra er að ákveða hvað á að vera í vali hverju sinni.<sup>23</sup> Í rýnihópi voru börnin spurð hvort þau vildu breyta einhverju í leikskólanum. Mestur áhugi var á að ráða hvað þau fengju að borða, en einnig komu þau með þá hugmynd að gaman væri að snúa öllu við, börnin ættu að ráða og kenna kennurunum. Fram kom hjá börnunum að þeim finnst skemmtilegt að hafa hlutverk, t.d. að vera borðstjórar og veðurfræðingar.<sup>24</sup>

Börn hafa ekki komið að vinnu við gerð skólanámskrár eða starfsáætlunar en áhugi er fyrir að skoða möguleika á því.

Til eru drög að jafnréttisáætlun fyrir leikskólann sem áætlað er að ljúka við samfara gerð nýrrar skólanámskrár.

## Samskipti og hegðun

Skriflegir verkferlar eða samræmdar reglur um hvernig taka skuli á aga- og hegðunarvandamálum eru ekki til. Í vettvangsathugun virtist ekki vera mikið um árekstra milli barna en ef upp kom ágreiningur tók starfsfólk vel á því og hjálpaði börnunum að leysa úr vandanum. Starfsfólk virtist nota svipaðar aðferðir við að taka á árekstrum og hegðunarerfiðleikum.

## Skólaþróun

Deildarstjórar á eldri deildum leikskólans, ásamt kennurum yngsta stigs Hvolsskóla, unnu verkefni um samstarf skólastiganna árið 2012. Þar var mörkuð stefna varðandi samstafið og settur upp ferill um framkvæmd. Ekki var veitt fjármagni í þetta verkefni, sem skapaði ákveðna erfiðleika, að sögn deildarstjóra í rýnihópi. Þeir sögðust gjarnan vilja vinna að fleiri þróunarverkefnum en það sem helst stendur í vegi fyrir því er of lítill tími, fjáskort og lítill áhugi og stuðningur sveitarstjórnar.<sup>25</sup> Í samtali við formann fræðslunefndar var þetta verkefni einmitt nefnt sem dæmi um faglegt starf sem ánægja var með<sup>26</sup>.

## Styrkleikar

- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins.
- Börnin hafa áhrif á verkefnaval í þemastarfi.
- Leikskólinn er vel búinn leikföngum og efnivið.
- Börnin taka þátt í að búa til reglur fyrir leikskólann.
- Börnin hafa ákveðin hlutverk, eru t.d. borðstjórar og veðurfræðingar.
- Leikskólinn og grunnskólinn hafa gert skriflegan feril um samstarf milli skólastiganna.
- Starfsaðferðir í leikskólanum eru samræmdar og öllum kunnar.

<sup>22</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtal við börn.

<sup>23</sup> Rýnihópaviðtal við starfsmenn.

<sup>24</sup> Rýnihópaviðtal við börn.

<sup>25</sup> Rýnihópaviðtal við deildarstjóra.

<sup>26</sup> Viðtal við formann fræðsluráðs.

### Tækifæri til umbóta

- Leita ætti leiða til að auka þátttöku barna í skipulagi starfsins.
- Fjölga mætti verkefnum þar sem börn hafa ákveðið hlutverkum t.d. taka upp valstjóra aftur.
- Huga þarf að því að skapa aðstæður fyrir starfsfólk til að vinna að þróunarverkefnum innan leikskólans.

## Skólabragur og samskipti

Í leikskólanum eru til drög að starfsmannahandbók. Móttökuáætlun er til fyrir nýja starfsmenn og rammi fyrir viðtöl við deildarstjóra. Gott aðgengi er að leikskólastjóra. Allir starfsmenn undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu. Leikskólastjóri gerir viðhorfskönnun meðal starfsmanna annað hvert ár en sveitarfélagið lætur ekki gera slíka könnun. Niðurstöður könnunar eru kynntar á starfsmannafundum.

### Starfsandi

Leikskólastjóri telur samstarf á deildum gott og telur sig beita lýðræðislegum vinnubrögðum. Í viðtali við hann kom fram að samkvæmt starfsmannakönnun eru ekki allir starfsmenn leikskólans sammála því. Deildarstjórafundir eru vettvangur til að koma á framfæri hugmyndum og tillögum starfsfólks. Leikskólastjóri telur að hann gæti verið duglegri við að hrósa starfsfólki en það geri hann fyrst og fremst í starfsmannasamtölum. Í rýnihópaviðtali við deildarstjóra kom fram að starfsandinn í leikskólanum er að þeirra mati frábær. Hópurinn hafði mismunandi sjónarmið varðandi samskipti við leikskólastjóra. Hluti deildarstjórnanna taldi sig mæta skilningi og fá hrós en aðrir töldu að leikskólastjórinn mætti hrósa fólki meira, koma oftar inn á deild, sýna meiri umhyggju og nýta betur mannauð hússins. Deildarstjórnarnir töluðu einnig um skort á faglærðu starfsfólki og hættuna á því að þeir fáu fagmenn sem eru í leikskólanum brenni út í starfi. Þeir nefndu líka mikla starfsmannaveltu og voru ósáttir við starfsmannastjórnun leikskólastjórnans. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að ekki hefði tekist að ráða fleiri fagmenn til starfa í leikskólanum, þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Í rýnihópaviðtali við starfsmenn kom fram að þeir þekktu ekki móttökuáætlun fyrir nýliða, enda voru allir þátttakendurnir starfsmenn með langa starfsreynslu. Deildarstjórar fylgjast með starfsaðferðum starfsfólks og hrósa fyrir það sem vel er gert. Deildarstjórar sögðu að starfshópurinn væri ein heild þrátt fyrir að leikskólinn sé í tveimur húsum. Starfsmenn hittast alltaf á kaffistofu, á fundum og í útiveru. Deildarstjórar nefndu einnig að aðstoðarleikskólastjóri kæmi inn á deildir til að leysa af en ekki til að fylgjast með starfi á deildunum.<sup>27</sup> Leikskólastjórinn tekur að jafnaði þriggja mánaða frí yfir sumartímann og í samtali við deildarstjóra kom fram nokkur óánægja með þetta fyrirkomulag.

### Jafnrétti

Í leikskólanum eru til drög að jafnréttisáætlun. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að eitt af því sem hann leggur áherslu á er að Örk sé einn leikskóli þó starfsemin sé í tveimur húsum. Lögð er áhersla á að starfsmenn segi sína skoðun og taki þátt í umræðum um málefni leikskólans og eigi hlut að ákvarðanatöku.

### Styrkleikar

- Gott skipulag er á fundum innan leikskólans.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er til.
- Almennt er góður starfsandi í leikskólanum.

<sup>27</sup> Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópaviðtöl við deildarstjóra og við starfsmenn.



#### Tækifæri til umbóta

- Finna þarf lausn á ósætti deildarstjóra vegna langs sumarfrís leikskólastjóra.
- Leikskólastjóri þarf að vera meðvitaðri um að veita starfsfólki hrós og endurgjöf.Æskilegt er að sveitarfélagið, eða annar utanaðkomandi aðili, geri reglulega viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólans.

### Mat á námi og velferð barna

Öll börn í leikskólanum eiga ferilmöppu sem fylgir þeim frá upphafi til loka leikskólagöngu. Fremst í hverri möppu er listi yfir það sem geyma skal í möppunni. Foreldrar í rýnihópi lýstu yfir ánægju með ferilmöppurnar en farið er yfir þær í foreldraviðtölum. Notaðir eru gátlistar leikskólans til að meta framfarir barnanna og TRAS til að meta málþroska. Ekki eru til vinnuferlar um mat á námi og velferð barna.

#### Styrkleikar:

- Gerðar eru ferilmöppur fyrir öll börn í leikskólanum.
- Framfarir barna eru metnar út frá ákveðnum matslista.
- TRAS er notað til að meta málþroska barnanna.

#### Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn móti vinnuferla um mat á námi og velferð barna.



## Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Sveitarfélagið leggur ekki fyrir könnun fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna en leikskólinn leggur viðhorfskönnun fyrir foreldra annað hvert ár. Svarhlutfall í könnuninni 2013 var um 65%. Samkvæmt niðurstöðum úr viðhorfskönnuninni telja nær allir þeir sem svöruðu að barnið þeirra sé ánægð í leikskólanum og að umönnun barnsins sé góð. Samkvæmt þessari könnun eru flestir foreldrar almennt ánægðir með þá þætti leikskólastarfsins sem spurt var um en hjá nokkrum foreldrum kom fram óánægja með einstaka þætti. Samkvæmt könnuninni eru foreldrar í mjög góðum samskiptum við deildarstjóra en samskipti foreldra við leikskólustjóra virðast almennt lítil. Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með fyrirkomulag foreldrasamvinnu í leikskólanum. Kynning er á öllum deildum að hausti, boðið í jólakaffi, afa- og ömmukaffi og opið hús að vori (vorhátíð). Foreldrar í rýnihópi sögðust vera ánægðir með samstarf við stjórnendur og starfsfólk leikskólans, sögðust hafa gott aðgengi að kennurum og vita hvar þeir geta leitað upplýsinga og komið sjónarmiðum sínum á framfæri: „Alltaf brosandir starfsfólk sem tekur vel á móti og kveður vel“.

Foreldrar telja að tekið sé tillit til þarfa allra barna, vel sé fylgst með þroska og félagslegum þáttum og brugðist við ef þarf. Foreldrar í rýnihópi nefndu að gott sé að hafa tvo sérkennara starfandi við leikskólann. Upplýsingastreymi til foreldra er gott, þeir fá tölvupóst vikulega, heimasíðan er virk og foreldrar og starfsfólk er með sameiginlega fésbókarsíðu (e. facebook). Að sögn stjórnenda eru foreldraviðtöl einu sinni á ári og þar er farið yfir ferilmöppur barnanna og gátlista um framfarir þeirra, meðal annars TRAS (n. tidlig registrering af språkuvikling), sem er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Foreldrar lýstu ánægju sinni með þessar upplýsingar. Deildarstjórar segja foreldra gera lítið af því að koma í óformlegar heimsóknir en gott samstarf sé milli foreldra og starfsmanna um uppeldi barnanna. Deildarstjórar sögðu að foreldrar kæmu ekki að námskrárgerð. Varðandi leiðir til að koma upplýsingum til foreldra sem ekki tala íslensku sagði leikskólustjórinn að reynt væri að nýta starfsmenn sem töluðu sama mál og einnig væru notuð gögn af vefnum. Leikskólustjóri vill í auknum mæli leggja áherslu á að hvetja foreldra til að nota íslensku í samskiptum við starfsmenn.<sup>28</sup>

## Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Kosið er í ráðið á kynningarfundum að hausti og sitja þrjú foreldrar í ráðinu. Leikskólustjóri fundar reglulega með foreldraráði. Foreldraráðið fer yfir og samþykkir starfsáætlun og námskrá leikskólans. Á fundum ráðsins eru tekin fyrir ýmis mál, svo sem þjónusta sveitarfélagsins, skólagjöld og kvartanir.<sup>29</sup> Við leikskólann er starfandi foreldrafélag en tilgangur þess er að styrkja í hvívetna starf leikskólans.<sup>30</sup>

## Samstarf leikskóla og grunnskóla

Skipulagt samstarf er milli leikskólans og Hvolsskóla. Samstarfið var þróað sameiginlega af leikskólakennurum og kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Í áætlun fyrir skólaárið 2012-2013 kemur fram að heimsóknir voru 10 frá áramótum og fram til vors. Umgjörðin um þessar heimsóknir voru svokallaðar smiðjur sem tengdust stærðfræði, málörvun, ævintýrasmiðju og tónlistarsmiðju. Leikskólabörn og grunnskólabörn í fyrsta bekk sameinuðust í fimm hópa og vann hver hópur tvisvar sinnum í hverri smiðju. Samkvæmt mati á þessu verkefni var mikil ánægja með það og var gerð ný áætlun fyrir skólaárið 2013-2014.<sup>31</sup> Í samtali við leikskólustjóra og í rýnihópaviðtölum við deildarstjóra, starfsmenn og foreldra kom fram mikil ánægja með þetta verkefni. Leikskólakennarar sem tóku þátt í að þróa verkefnið fengu hrós víða að fyrir sitt framlag.

<sup>28</sup> Rýnihópaviðtal við foreldra og við deildarstjóra og viðtal við leikskólustjóra.

<sup>29</sup> Fundargerð foreldraráðs 29. mars 2012.

<sup>30</sup> Fundargerð foreldrafélags 19. október 2011.

<sup>31</sup> Gögn frá leikskólanum.

## Annað samstarf

Leikskólinn hefur afnot af íþróttahúsi staðarins og fer þangað vikulega með barnahópa. Leikskólinn er í samstarf við Héraðsbókasafn Rangæinga og reglulega er farið í heimsókn með börnin á bókasafnið. Í leikskólanum eru einnig bókakistur frá bókasafninu þar sem foreldrar og börn geta fengið lánaðar bækur. Leikskólinn á einnig í samstarfi við hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvol. Þangað fara börnin vikulega í heimsókn til samvista við íbúa og öðru hvoru borða börnin hádegisverð með þeim.

### Styrkleikar:

- Leikskólinn kemur vel út í foreldrakönnun.
- Foreldrar lýsa yfir ánægju með samskipti við starfsfólk leikskólans.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann í bænum.
- Leikskólinn er í samstarfi við stofnanir í bænum s.s. bókasafn, íþróttahús og dvalarheimili aldraðra.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að utanaðkomandi aðili gerði foreldrakönnun og ynni úr henni.
- Efla mætti dagleg samskipti leikskólastjóra og foreldra.

## Innra mat

Við mat á leikskólastarfinu er notað matsskema sem var hannað af starfsfólki leikskólans. Þar er metið út frá áherslum í starfinu, markmiðum og leiðum, hvaða árangri er náð, hvaða úrbætur þarf að gera, settir mælikvarðar um úrbætur og ábyrgðaraðilar fyrir framkvæmd. Farið er yfir matið á starfsmannafundum og deildarstjórafundum yfir allt árið en í janúar og júní er sameiginleg vinna við úrvinnslu á símatinu. Að fengnum niðurstöðum er gerð umbótaáætlun, í sumum tilfellum á hún við einstakar deildir en aðrar umbætur eiga við allan leikskólann. Leikskólastjóri nefndi í viðtali dæmi um umbætur varðandi móttöku á deildum. Leikskólastjóri sagði það á áætlun að taka foreldra meira inn í matið. Börn hafa til þessa ekki komið að innra mati leikskólans.<sup>32</sup>

### Styrkleikar

- Leikskólastarfið er metið árlega og á grundvelli matsins er gerð umbótaáætlun.
- Allir starfsmen taka þátt í innra mati leikskólans.

### Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf hvernig foreldrar geta komið að innra mati leikskólans.
- Leita þarf leiða til að fá raddir barna inn í innra matið.

<sup>32</sup> Gögn frá leikskólanum.

## Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Skólaskrifstofa Suðurlands, skammstafað SKS, er byggðasamlag sveitarfélaga í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.<sup>33</sup> Hlutverk skólaskrifstofu er m.a. að veita grunnskólum og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Skólaskrifstofan veitir einstaklingsþjónustu, sér um greiningar og tillögur um úrræði, t.d. sálfræðilega og kennslufræðilega greiningu námsvandamála og greiningu samskipta- og hegðunarvandamála. Skólastjórar, kennarar og aðrir starfsmenn skóla geta óskað eftir ráðgjöf vegna ýmissa atriða er lúta að skólaþróun og öðru starfi innan skólans er þeir sinna. Talmeinafræðingur frá Vestmannaeyjum kemur einn dag í mánuði og veitir börnum í leikskóla og grunnskóla talþjálfun.

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri í 100% stöðu og sérkennari í 50% stöðu. Sérkennslustjórinn er ekki menntaður í sérkennslufræðum. Ferli varðandi sérkennslu á Örk er ekki skriflegt en starfsmenn hafa sammælt um ákveðið ferli. Til er upplýsingablað til foreldra varðandi sérkennslu. Þegar grunur vaknar hjá foreldrum eða starfsfólki um að barn víki frá í þroska leitar viðkomandi deildarstjóri til sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri gerir þá frumgreiningu og í framhaldi af því er ákveðið hvort kalla skuli til talmeinafræðing eða leikskólaráðgjafa til að fylgjast með barninu. Í framhaldi af því er ákveðið hvort leita þurfi aðstoðar sálfræðings.<sup>34</sup> Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að leikskólinn þarf að setja sér sérkennslustefnu.<sup>35</sup> Sérkennslustjóri sagði frá starfsaðferðum í sérkennslu. Börn á einhverfurófi fá einstaklingstíma í skipulagðri kennslu (TEACCH), unnið er með málörvunarhópa og hreyfiþjálfun, bæði fín- og grófhreyfinga. Notað er MOT hreyfiþroskapróf til að meta hreyfiþroska barna. HLJÓM próf er tekið af eldri börnunum og unnið með niðurstöður úr því prófi. TRAS er notað sem skráningartæki til að meta málþroska barna. Sérkennsla fer að miklu leyti fram í einstaklingskennslu eða minni hópum en hluti kennslunnar fer fram í deildarstarfi. Sérkennslustjóri situr deildarstjórafundi með leikskólastjóra og deildarstjórum vikulega og þar er meðal annars farið yfir einstök mál er varða sérkennslu. Gerðar er einstaklingsáætlanir fyrir sérkennslubörnin og þær endurmetnar á tveggja til sex mánaða fresti. Sérkennslustjóri og sérkennari sjá um að gera þessara áætlanir en foreldrar lesa yfir og samþykkja með undirskrift. Foreldrar geta komið með athugasemdir eða beiðni um breytingu. Um það bil ¼ hluti barna í leikskólanum á annað móðurmál en íslensku. Að sögn sérkennslustjóra er ekki til fjölmenningsstefna í leikskólanum en lögð er áhersla á málörvun fyrir þau börn, bæði einstaklingslega og í minni hópum. Leitað er eftir aðstoð frá Skólaskrifstofu Suðurlands vegna þessara barna og eins nýtir leikskólinn sér upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar. Pólskumælandi túlkur er starfandi hjá sveitarfélaginu en og leitað er til Alþjóðahúss með túlkun og þýðingar af öðrum tungumálum. Tekin hefur verið upp sú stefna í leikskólanum að draga úr þýðingum á upplýsingum til foreldra af erlendum uppruna og reyna frekar að fá þá til að tala meira við starfsfólk á íslensku. Ekki er komin reynsla á þessa tilraun.<sup>36</sup>

Rétt er að taka fram að um áramót verður breyting á stoðþjónustu vegna sérkennslumála þegar Skólaskrifstofa Suðurlands verður lögð niður í núverandi mynd.

### Styrkleikar

- Ferli við eftirlit, greiningar og framkvæmd sérkennslu er í allgóðum farvegi.
- Tveir leikskólakennara í samtals 150% starfshlutfalli sinna sérstaklega börnum með sérþarfir.

### Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að sérkennslustjóri sé menntaður í sérkennslufræðum. Semja þarf sérkennslustefnu.
- Gera þarf fjölmenningsstefnu fyrir leikskólann.

<sup>33</sup> Heimasíða SKS.

<sup>34</sup> Viðtal við sérkennslustjóra.

<sup>35</sup> Viðtal við leikskólastjóra.

<sup>36</sup> Viðtal við sérkennslustjóra.

## Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi leikskólans Arkar; Leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

### Helstu styrkleikar leikskólans

- Leikskólinn starfar samkvæmt ákveðinni hugmyndafræði sem sem foreldrar og starfsmenn segjast þekkja.
- Á síðastliðnum vetri unnu kennarar frá leikskóla og grunnskóla að þróunarverkefni um samstarf leik- og grunnskóla.
- Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barnanna og fær hann gott rými í dagskipulagi.
- Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum.
- Húsnæði er rúmgott og vel nýtt og gott útileiksvæði.
- Foreldraráð var stofnað í kjölfar setningar nýrra laga um leikskóla nr. 90/2008.
- Unnið er að endurskoðun skólanámskrár og koma allir starfsmenn að þeirri vinnu.
- Gott samræmi er á milli leikskólastarfsins og skólanámskrár.
- Áherslur hugsmíðahyggjunnar koma skýrt fram í starfinu með börnum á deildum.
- Símenntunaráætlun liggur fyrir.
- Eineltisáætlun liggur fyrir sem nær bæði til eineltis í barnahópnum og starfsmannahópnum.
- Ákvarðanataka er í höndum leikskólastjóra og stjórnunarteymis.
- Ákvarðanataka er skilvirk að mati starfsmanna.
- Lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins.
- Börnin hafa áhrif á verkefnaval í þemastarfi.
- Leikskólinn er vel búinn leikföngum og efnivið.
- Börnin taka þátt í að búa til reglur fyrir leikskólann.
- Börnin hafa ákveðin hlutverk, eru t.d. borðstjórar og veðurfræðingar.
- Leikskólinn og grunnskólinn hafa gert skriflegan feril um samstarf milli skólastiganna.
- Starfsaðferðir í leikskólanum eru samræmdar og öllum kunnar.
- Gott skipulag er á fundum innan leikskólans.

- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er til.
- Almennt er góður starfsandi í leikskólanum.
- Gerðar eru ferilmöppur fyrir öll börn í leikskólanum.
- Framfarir barna eru metnar út frá ákveðnum matslista.
- TRAS er notað til að meta málþroska barnanna.
- Leikskólastarfið er metið árlega og á grundvelli matsins er gerð umbótaáætlun.
- Allir starfsmen taka þátt í innra mati leikskólans.
- Leikskólinn kemur vel út í foreldrakönnun.
- Foreldrar lýsa yfir ánægju með samskipti við starfsfólk leikskólans.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann.
- Leikskólinn er í góðu samstarfi við grunnskólann í bænum.
- Leikskólinn er í samstarfi við stofnanir í bænum s.s. bókasafn, íþróttahús og dvalarheimili aldraðra.
- Ferli við eftirlit, greiningar og framkvæmd sérkennslu er í allgóðum farvegi.
- Tveir leikskólakennara í samtals 150% starfshlutfalli sinna sérstaklega börnum með sérþarfir.

## Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði í lögum nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Stefna ætti að því að finna leiðir til að fjölga leikskólakennurum við skólann<sup>37</sup>
- Festa þarf einkunnarorð leikskólans, Leikur einn, í sessi svo þau verði starfsfólki og foreldrum töm.
- Ljúka þarf við endurskoðun skólanámskrár fyrir árið 2015.
- Huga þarf að aðkomu barna og foreldra við endurskoðun skólanámskrár.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í leikskólanum.
- Gera þarf formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsfólk um hlutverk og ábyrgð hvers og eins.
- Í tengslum við skipuritið ætti leikskólinn að gera verkferla um ákvarðanatöku skýra og skriflega.
- Æskilegt er að leikskólastjóri fylgist betur með starfinu inni á deildum.
- Leita ætti leiða til að auka þátttöku barna í skipulagi starfsins.
- Fjölga mætti verkefnum þar sem börn hafa ákveðið hlutverk.

<sup>37</sup> Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

- Huga þarf að því að skapa aðstæður fyrir starfsfólk til að vinna að þróunarverkefnum innan leikskólans.
- Finna þarf lausn á ósætti deildarstjóra vegna langs sumarfrís leikskólastjóra.
- Leikskólastjóri þarf að vera meðvitaðri um að veita starfsfólki hrós og endurgjöf.
- Æskilegt er að sveitarfélagið, eða annar utanaðkomandi aðili, geri reglulega viðhorfskönnun meðal starfsmanna leikskólans og einnig foreldrakönnun og ynni úr henni.
- Leikskólinn móti vinnuferla um mat á námi og velferð barna.
- Skoða þarf hvernig foreldrar geta komið að innra mati leikskólans.
- Leita þarf leiða til að fá raddir barna inn í innra matið.
- Efla mætti dagleg samskipti leikskólastjóra og foreldra.
- Æskilegt er að sérkennslustjóri sé menntaður í sérkennslufræðum.
- Semja þarf sérkennslustefnu.
- Gera þarf fjölmeningarstefnu fyrir leikskólann.

## Lokaorð

Leikskólinn Örk starfar í anda markmiða sinna. Í skólanámskrá eru getið um helstu markmið skólans en þau eru:

- að veita börnunum hlýju, umhyggju, öryggi og aga.
- að efla sjálfstæði, samkennd og lífsleikni
- að efla alhliða þroska barnanna
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra
- að viðhalda starfsgleði í leikskólanum<sup>38</sup>

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í skólanum sýnir að mati matsmanna að unnið er með þessi markmið í raun í starfi leikskólans. Í vettvangsathugunum mátti sjá að börnin mættu hlýju og voru örugg, þau sýndu sjálfstæði og samkennd og að starfið í leikskólanum stuðlar að alhliða þroska barnanna. Foreldrar í rýnihópi sögðust vera ánægðir með samskiptin við leikskólann. Greinilegt var að í leikskólanum ríkti yfirleitt starfsgleði meðal starfsmanna, bæði á deildum og við önnur störf.

---

<sup>38</sup> Skólanámskrá leikskólans.

## Heimildir

Ársskýrsla

Dagskipulag

Foreldrakönnun

Heimasíða Arkar.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 með breytingum nr. 986/2010

Rýnihópur barna.

Rýnihópur deildarstjóra.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur starfsmanna.

Skóladagatal

Skólanámskrá.

Starfsáætlun Arkar 2013-2014.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við formann fræðsluráðs.

Ýmis önnur gögn sem leikskólinn lagði fram.

